



Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra  
Fjármála- og efnahagsráðuneytinu  
Arnarhvoli við Lindargötu  
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. janúar 2021

**Efni: Umsögn fjárlaganefndar um greinargerð fjármála- og efnahagsráðherra um sölu á hlutum ríkisins í Íslandsbanka.**

Með bréfi til Alþingis frá 21. desember sl. óskaði fjármála- og efnahagsráðherra eftir því að fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd veittu umsögn um greinargerð um ráðgerða sölumeðferð á eignarhlutum í Íslandsbanka hf.

**Inngangur.**

*Lög um sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum.*

Í lögum nr. 155/2012 kemur fram að fjármála- og efnahagsráðherra er heimilt að selja að öllu leyti eða að hluta tiltekna eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, að fenginni heimild í fjárlögum og að fengnum tillögum Bankasýslu ríkisins. Meðal þeirra eignarhluta sem tilteknir eru er hlutur ríkisins í Íslandsbanka hf.

Í 2. gr. laganna segir að þegar ráðherra hefur fallist á tillögu Bankasýslu ríkisins um sölu eignarhlutar ríkisins í fjármálafyrirtæki skv. 1. mgr. 1. gr. skal hann útbúa greinargerð um ráðgerða sölumeðferð og leggja fyrir fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis. Ráðherra skal jafnframt leita umsagnar Seðlabanka Íslands um jafnræði bjóðenda, líkleg áhrif sölu á gjaldeyrismarkað, gjaldeyrisforða og laust fé í umferð.

Í 3. gr. laganna kemur fram að við sölumeðferð skal áhersla lögð á opið sölufurli, gagnsæi, hlutlægni og hagkvæmni. Í lögunum kemur einnig fram að Bankasýsla ríkisins skal annast sölumeðferðina í samræmi við ákvörðun ráðherra.

Sjálfá söluheimildina er að finna í 6. gr. fjárlaga þar sem fram kemur í lið 5.1 heimild til að selja eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka hf.

**Aðdragandi.**

Áform um sölu á hlutum í Íslandsbanka hafa verið á dagskrá stjórnvalda allt frá árinu 2015. Ríkið eignaðist öll hlutabréf í bankanum sem hluta af stöðugleikaframlagi Glitnis við uppgjör þrotabúsins og er nú eigandi að tveimur af þeim þremur stóru viðskiptabönkum sem starfa á fjármálamarkaði hérlendis. Áform um að draga úr eignarhaldi ríkissjóðs í fjármálafyrirtækjum koma víða fram.

FJÁRLAGANEFND

### *Stjórnarsáttmáli ríkisstjórnarinnar.*

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar frá 2017 kemur fram að fjármálakerfið á að vera traust og þjóna samfélaginu á hagkvæman og sanngjarnan hátt. Eignarhald ríkisins á fjármálafyrirtækjum er það umfangsmesta í Evrópu og vill ríkisstjórnin leita leiða til að draga úr því. Ljóst er þó að ríkissjóður verður leiðandi fjárfestir í að minnsta kosti einni kerfislega mikilvægri fjármálastofnun.

Í sáttmálanum koma einnig fram áform um hvítbók um fjármálakerfið sem lögð yrði fyrir Alþingi til umfjöllunar áður en stefnumarkandi ákvarðanir verða teknar um fjármálakerfið.

### *Hvítbók um fjármálakerfið.*

Hvítbókin var gefin út í desember 2018. Þar kemur fram viðamikil greining og framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið á Íslandi. Þar er vikið að breytingum á eignarhaldi ríkisins í fjármálafyrirtækjum sem munu hafa töluverð áhrif á framtíð fjármálakerfisins. Fram kemur að til staðar sé styrk umgjörð regluverks og eftirlit miði að því að tryggja heilbriggt eignarhald með kröfum til virkra eigenda og takmörkunum á lánum til eigenda og tengdra aðila.

Tekið er fram að rök séu fyrir því að dregið verði úr víðtæku eignarhaldi ríkisins í fjármálafyrirtækjum til þess að draga úr áhættu, fórnarkostnaði og neikvæðum samkeppnisáhrifum. Í aðdraganda að sölu banka er mikilvægt að tryggja enn betur eftirlitsumgjörð fjármálamarkaðarins og ástæða til að setja í forgang lækkan sértækra skatta og lögfestingu varnarlínu vegna fjárfestingarbankastarfsemi. Frumvarp þess efnis er nú til umfjöllunar í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis. Mikilvægt er að frumvarpið verði samþykkt áður en sala á hlutum fer fram. Þá sé mikilvægt að stjórnvöld hugsi heildstætt um framtíðareignarhald þar sem fjölbreytt eignarhald sé til þess fallið að ná sátt og draga úr áhættu.

### *Eigandastefna ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki.*

Eigandastefnan var endurnýjuð í febrúar 2020 og nær til þeirra fjármálafyrirtækja sem Bankasýslan hefur umsjón með. Þar koma m.a. fram markmið ríkisins sem eiganda, skipulag eigendahlutverksins, verkefni Bankasýslunnar og settar eru fram meginreglur eigandastefnu auk krafna og viðmiða um stjórnhætti og árangursviðmið stjórna.

Varðandi Íslandsbanka sérstaklega kemur fram að stefnt er að því að selja eignarhlut ríkisins þegar hagfelld og æskileg skilyrði eru fyrir hendi.

Í marsþyrjun í fyrra gerði Bankasýslan tillögu um sölumæðferð á eignarhlutum í Íslandsbanka en í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveirunnar afturkallaði stofnunin tillöguna tveimur vikum síðar. Í tengslum við tillöguna gaf stofnunin út ítarlega stöðuskýrslu varðandi fyrirhugaða sölumæðferð, sem m.a. fjallaði um samkeppnisgreiningu á viðskiptabankamarkaði, hugsanlega aðra valkosti eins og sameiningu við annan banka eða sölu á rekstrarreikningum.

Nú hefur Bankasýslan lagt fram nýja tillögu í ljósi þess að þróun á fjármálamörkuðum hefur verið hagfelld síðustu mánuði þrátt fyrir heimsfaraldurinn. Auk þess hafa átt sér stað farsæl hlutabréfaútboð innan lands með mikilli þátttöku almennings.

Ráðherra hefur fallist á tillöguna og lagt fram greinargerð sem tiltekin er í lögum nr. 155/2012.

### **Meginefni greinargerðarinnar.**

Gerð er grein fyrir undirbúningi og umfjöllun um endurskipulagningu fjármálakerfisins, svo sem helstu niðurstöður hvítbókar um eignarhald í bankakerfinu. Sett eru fram lykilmarkmið með fyrirhugaðri sölu. Þau eru:

- Að minnka áhættu ríkisins af svo stórum eignarhlut í fjármálakerfinu.

## F J Á R L A G A N E F N D

- Að efla virka samkeppni á fjármálamarkaði.
- Að hámarka endurheimtur ríkissjóðs af eignarhaldinu og sölu á hlutum.
- Að stuðla að fjölbreyttu, heilbrigðu og dreifðu eignarhaldi til lengri tíma.
- Að auka fjárfestingarmöguleika fyrir innlenda einstaklinga og fagfjárfesta.
- Að minnka skuldsetningu eða auka svigrúm ríkisins til samfélagslegra arðbærra fjárfestinga.

Einnig er fjallað um efnahagsaðstæður og laga- og eftirlitsumhverfi á fjármálamarkaði. Loks er fjallað um stöðu bankans og aðstæður til sölu.

### **Vinna nefndarinnar.**

Nefndin hefur kallað til gesti og dregið saman helstu röksemdir sem tengjast lykilmarkmiðunum og er eftirfarandi umfjöllun afmörkuð við lykilmarkmiðin auk þess að fjalla um aðra valkosti sem ekki komu fram í greinargerðinni.

Nefndin óskaði eftir minnisblöðum og umsögnum frá ýmsum aðilum og á fund nefndarinnar komu gestir frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Bankasýslu ríkisins, Kauphöll Íslands hf., Samkeppniseftirlitinu, Samtökum atvinnulífsins, ASÍ, Seðlabanka Íslands, Landssamtökum lífeyrissjóða og Samtökum fjármálafyrirtækja.

### **Athugasemdir meiri hluta (Willum Þór Þórsson, Haraldur Benediktsson, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Páll Magnússon og Steinunn Þóra Árnadóttir.)**

#### **Markmið um að minnka áhættu ríkisins af svo stórum eignarhlut í fjármálakerfinu.**

Bent var á að eignarhald ríkisins á viðskiptabönkum er hvergi í Evrópu umfangsmeira heldur en hérlendis. Því fylgir ákveðin áhætta að reka fyrirtæki á markaði, verð hlutabréfa sveiflast og á krepputímum fylgir aukin áhætta með eignarhaldinu. Samtals eru nú um 430 milljarðar kr. bundnir í Landsbanka og Íslandsbanka samkvæmt bókfærðu eigin fé, en í ríkisreikningi eru þeir eignfærðir á 80% af þeirri upphæð, eða á um 340 milljarða kr. Ef banki lendir í fjárhagsvandræðum þá kemur það strax fram í verðlagningu hlutabréfa hans áður en reynir á aðra fjármögnun svo sem innlán.

Í svo mikilli fjárbindingu er fölginn förnarkostnaður og hann þarf m.a. að meta í samhengi við vænta arðsemi, uppbyggingu samfélagslegra innviða, minni skuldsetningar og lægri vaxtabyrði. Fjárbindingin í bönkunum tveimur nemur um 37% af skuldum hins opinbera og 14% af vergri landsframleiðslu.

#### **Markmið um að efla virka samkeppni á fjármálamarkaði.**

Nokkrir gestir bentu á að líklegt væri að lífeyrissjóðir yrðu stórir kaupendur að hlut í bankanum og að það gæti verið óheppilegt í ljósi þess að þeir væru líka stórir hluthafar í öðrum viðskiptabanka (Arion) auk þess að vera stórir hluthafar í fjölmörgum fyrirtækjum sem eru viðskiptavinir bankanna. Mikilvægt er að við undirbúning ákvörðunar um söluna séu samkeppnisleg áhrif hennar metin. Bent er á að íslenskur fjármálamarkaður ber sterk fákeppniseinkenni og þá þarf sérstaklega að gæta varúðar í samkeppnislegu tilliti.

Á móti hefur verið bent á að ekki sé hægt að líta á lífeyrissjóðina sem eina heild, það eru a.m.k. 20 sjóðir sem fjárfesta sjálfstætt og eru í samkeppni hver við annan um að veita sem mesta ávöxtun að teknu tilliti til áhættu.

Huga þarf að dreifðu og fjölbreyttu eignarhaldi Íslandsbanka eftir sölu og í því sambandi kemur vel til greina að tilboðsgjafar í hluti undir ákveðinni krónutölu verði ekki fyrir skerðingu ef umframeftirspurn verður í útboðinu.

## **F J Á R L A G A N E F N D**

Þar að auki má líta svo á að tilkoma Íslandsbanka á hlutabréfamarkað væri jákvætt skref frá samkeppnissjónarmiði með því að þá fjölgar félögum á markaði og þar með fjárfestingarvalkostum fyrir allan markaðinn og getur dregið úr samþjöppun eða einsleitni fjárfestinga.

Þess má geta að samkvæmt gögnum frá OECD um hlutabréfamarkaði erlendis eru lífeyrissjóðir og ýmsir aðrir stofnanafjárfestar oft á tíðum með yfirgnæfandi hlutdeild en almenningur er sjaldnast stórtækur í kaupum og sölu á hlutabréfum.

### **Markmið um að hámarka endurheimtur ríkissjóðs af eignarhaldinu og sölu á hlutum.**

Bankanum var komið á fót eftir fall Glitnis banka hf. Ríkið eignaðist allt hlutafé bankans árið 2015 þegar kröfuhafar Glitnis afhentu ríkinu bréfin sem hluta af stöðugleikasamkomulagi.

Nær allir gestir nefndarinnar fjölluðu um markaðsaðstæður og tímasetningu til sölu á hlut í banka núna. Þegar hefur komið fram að Bankasýslan féll frá tillögu um sölu í upphafi heimsfaraldurs Covid-19. Nú telur Bankasýslan og fjölmargir aðrir gestir að tímasetning sölu sé ákjósanleg. Helstu rökin fyrir því eru þau að fjármálamarkaðir virðast hafa staðið af sér kreppuna og hlutabréfaverð banka er víðast hvar á uppleið.

Eina viðmiðið innan lands er verðmyndun á bréfum í Arion banka og af þeim sökum kallaði nefndin eftir viðbótarupplýsingum frá Bankasýslunni um verðmat hlutabréfa í nokkrum bönkum í Norður-Evrópu. Þar kemur fram veruleg fylgni milli áætlaðrar arðsemi banka og markaðsverðs þeirra. Á undanförunum árum hefur arðsemi banka almennt séð farið lækkandi.

Sumir gesta töldu heppilegra að bíða með sölu þar til aðstæður skýrðust betur sökum heimsfaraldursins og ferðapjónustan væri komin á uppleið að nýju. Hugsanlegt er að hlutabréfaverð hækkaði enn frekar eftir því sem bólusetning verður almennari í nágrennaríkjunum.

### **Markmið um að stuðla að fjölbreyttu, heilbrigðu og dreifðu eignarhaldi til lengri tíma.**

Flestir gesta nefndarinnar töldu æskilegt að erlendur banki eða aðilar tengdir bankarekstri kæmu inn á íslenska bankamarkað, bæði til að auka fjölbreytni í eignarhaldi og auka samkeppni.

En einnig kom fram að markaðurinn hérlendis er mjög lítill í alþjóðlegum samanburði og ekki svarar kostnaði fyrir erlendan banka að koma sér upp aðstöðu hérlendis. Erlendir bankar eru nú þegar lánveitendur til fjölmargra stærri fyrirtækja á Íslandi án þess að koma sér upp útibúi hérlendis. Þessu til stuðnings er bent á að enginn banki hefur falast eftir hlut í Íslandsbanka þrátt fyrir söluheimildir í fjárlögum. Gengisáhætta vegna krónunnar getur líka haft áhrif.

Það virðist því ljóst að bein sala á hlut í Íslandsbanka til erlends banka er ekki raunhæfur kostur eins og er og m.a. af þeim sökum hefur Bankasýslan endurmetið tillögu sína frá því í mars 2020 og nú er ekki gert ráð fyrir að samhliða verði beitt uppboðsaðferð þar sem eignarhlutir eru seldir beint til annarra fyrirtækja eða framtakssjóða.

Gert er ráð fyrir að beitt verði útboðsaðferð þar sem eingöngu er stefnt að skráningu á innlendum markaði. Kauphallir miða almennt við að eftir frumútboð á skipulegum verðbréfamarkaði verði hlutur almennra fjárfesta að lágmarki 25% en mögulegt gæti verið að fá undanþágu frá því vegna stærðar Íslandsbanka

Til þess að staðið verði við markmið um fjölbreytt, heilbriggt og dreift eignarhald leggur meiri hlutinn til:

- Að tryggt verði að tilboðsgjafar í hluti undir ákveðinni krónutölu (a.m.k. einni milljón króna að markaðsvirði) verði ekki fyrir skerðingu ef umframeftirspurn verður í útboðinu.

## F J Á R L A G A N E F N D

- Að sett verði hámark á hlut hvers tilboðsgjafa, t.d. 2,5–3,0% af heildarhlutafé bankans.
- Að sett verði lágmark og hámark á þann hlut í bankanum sem ríkið býður til kaups í útboðinu, t.d. þannig að lágmark verði 25% og hámark 35%.

Ekki verður tekin ákvörðun um magn hluta sem boðnir verða til sölu þar til fjárfestakynningum er lokið og meiri upplýsingar liggja fyrir um eftirspurn, afkomu bankans og stöðu á fjármálamörkuðum almennt.

### **Markmið um að auka fjárfestingarmöguleika fyrir innlenda einstaklinga og fjárfesta.**

Margir gestir töldu væntanlega sölu mjög jákvæða fyrir hlutabréfamarkaðinn hérlendis. Sala á hlut í Íslandsbanka myndi virka mjög vel til að dýpka og auka fjölbreytni á hlutabréfamarkaði hérlendis. Íslandsbanki er stórt félag með tengingar víða í atvinnulífið og með dýpri hlutabréfamarkaði fjölgar valkostum fjárfestingar fyrir lífeyrissjóði og aðra fjárfesta.

Einnig styrkir innkoma bankans fjármögnunarumhverfi fyrirtækja og stærð félagsins og útboðsins getur aukið áhuga aðila á íslenska markaðnum. Með því skapast einnig jákvæð áhrif á fjármagnsflæði inn í landið. Það er mikilvægt mótvægi við útlæði t.d. vegna fjárfestinga lífeyrissjóða erlendis. Til þess að íslenskir lífeyrissjóðir geti fjárfest nægilega erlendis án neikvæðra áhrifa á gengisstöðugleika er nauðsynlegt að erlendir aðilar séu viljugir til að fjárfesta á Íslandi.

Miðað við stærð félaga í Kauphöll Íslands og nýafstaðið hlutafjárútboð Icelandair má ætla að rými sé fyrir útboð fyrir 25% hlut í Íslandsbanka. Í útboði Icelandair var um talsverða umframeftirspurn að ræða og mikil þátttaka almennings.

### **Markmið um að minnka skuldsetningu eða auka svigrúm ríkisins til samfélagslegra arðbærra verkefna.**

Með sölnni er hægt að minnka lánsfjárþörf ríkissjóðs, styðja við lánshæfismat og styrkja stöðu ríkisins á fjármagnsmörkuðum. Eitt af meginmarkmiðunum sem nefnd eru í greinargerðinni er að minnka skuldsetningu eða auka svigrúm ríkisins til samfélagslegra arðbærra fjárfestinga.

Fyrirséð er að á næstu misserum þarf ríkissjóður að afla sér lánsfjár langt umfram það sem var áður en heimsfaraldurinn skall á. Samtals er áætluð brúttólántaka áranna 2021–2025 talin nema 1.300 milljörðum kr. Á móti eru afborganir lána áætlaðar um 365 milljarðar kr. Nettóhækkun skulda á tímabilinu er því 938 milljarðar kr. Lánsfjárþörfin dreifist ekki jafnt á árin, heldur er hún mest árin 2021, eða 403 milljarðar kr., og 345 milljarðar kr. árið 2022. Ef lánsfjárþörfin er fjármögnuð mikið til innan lands getur það haft neikvæð áhrif á vaxtakjör ríkissjóðs og jafnvel líka leitt til hækkunar vaxta til fyrirtækja og almennings. Salan getur líka aukið tiltrú fjárfesta á ríkissjóði og þannig leitt til hagkvæmari fjármögnunar ríkisins.

Þrátt fyrir að vextir séu í sögulegu lágmarki núna eru vaxtakjör ríkissjóðs lök í alþjóðlegum samanburði. Með hagkvæmri, fjölbreyttari fjármögnun og minna framboði ríkisskuldabréfa má leiða líkur að traustari fjármagnsskipan ríkissjóðs, aukinni tiltrú á fjármögnun og jákvæðum áhrifum á lánshæfismat, sem myndi stuðla að lægra vaxtastigi.

### **Aðrir valkostir sem koma til greina til að ávaxta eign ríkisins í Íslandsbanka.**

Nefndin kallaði eftir upplýsingum um hvaða aðrir möguleikar á endurheimtum og ávöxtun fjárframlaga til Íslandsbanka hefðu verið kannaðir. Niðurstöður af slíkri vinnu er helst að finna í stöðuskýrslu Bankasýslu ríkisins frá því í mars í fyrra.

### *Samkeppnisgreining.*

Bankasýslan lagði mat á markaðsáhrif þess ef Íslandsbanki sameinaðist annaðhvort Landsbankanum eða Arion banka. Samruni t.d. við Arion banka ætti að hafa töluverð samlegðaráhrif í för með sér í formi minni rekstrarkostnaðar. Bankasýslan áætlað að það gæti numið um 10% af rekstrarkostnaði sameiginlegs banka.

Í stuttu máli er niðurstaðan sú að sameining á þeim fákeppnismarkaði sem íslenski viðskiptabankamarkaðurinn er leiðir til svo mikillar samþjöppunar að fullyrða má að samkeppnisyfirvöld myndu leggjast gegn slíkum samruna. Hagræn áhrif á minnkandi samkeppni eru neikvæð og aukin hætta er á því að bankar verði alveg samstíga í markaðshegðun sem lýtur að því að hækka verð.

Auk þess gæti samruni raskað fjármálastöðugleika þar sem kerfisáhætta sem og mótaðilaáhætta Seðlabankans í viðskiptum við sameiginlega banka aukast.

Þessi valkostur felur auk þess í sér að ekki væri um beina sölu á eignarhlutum ríkisins að ræða, einungis skipti á hlutabréfum, þannig að eftir sem áður situr ríkissjóður uppi með áhættu sem fylgir hlutabréfaeigninni. Þessi valkostur er því settur til hliðar.

### *Sala á einstökum rekstrareiningum.*

Þessi leið getur verið aðferð við að hámarka endurheimtur og ávöxtun fjárbindingar ríkissjóðs. Þannig hefur verðmat á hlutabréfum í evrópskum bönkum lengi verið undir bókfærðu virði undirliggjandi hlutafjár. Af þeim sökum er eðlilegt að kanna hvort einhverjum hluta starfsemi banka væri hægt að sinna á hagkvæmari hátt af öðrum aðilum. Á móti kemur að það geta verið mikil samlegðaráhrif að reka mismunandi fjármálaþjónustu innan sama lögaðilans m.a. vegna lægri rekstrarkostnaðar.

Bankinn hefur nú þegar selt stærsta dótturfélag sitt sem er Borgun hf. Ekki stendur til að selja aðra einstaka starfsþætti enda er það niðurstaða Bankasýslunnar að lítið svigrúm sé til þess.

### *Arðgreiðslur Íslandsbanka til ríkissjóðs.*

Hagnaður og þar með arðgreiðsla í ríkissjóð var mjög hár fyrstu tvö árin sem bankinn var í eigu ríkisins. Skýrðist það að mestu af endurmati á eignum bankanna frekar en reglulegum rekstri þeirra.

Arðgreiðsla vegna ársins 2018 nam 5,3 milljörðum kr. og 4,2 milljörðum kr. vegna ársins 2019. Arðsemi eiginfjár Íslandsbanka var 4,8% árið 2019 og 6,1% árið 2018. Bankinn hefur sett sér það markmið að arðgreiðslur verði á bilinu 40–50% af hagnaði bankans. Á grundvelli breytinga á tilmælum Seðlabankans vegna arðgreiðslna má áætla að Íslandsbanki gæti greitt 3–4 milljarða kr. í reglulegan arð.

Eiginfjárstaða bankans er sterk og nefndin fékk Bankasýsluna til að kanna hverjir væru möguleikar á sérstökum arðgreiðslum áður en til sölu kemur. Greiningin sýnir að eigið fé umfram þá eiginfjárþætti sem miðað er við nemur 40,5 milljörðum kr. Þá gæti þurft að draga frá 21,5 milljarða kr. vegna varúðarsjónarmiða, m.a. vegna skuldbindandi lánaþyrirgreiðslna og til að mæta hugsanlegri hækkun á sveiflujöfnunarauka.

Eftir standa þá 19 milljarðar kr. af umfram eigin fé en þá á eftir að taka tillit til almennar arðgreiðslu á bilinu 3–4 milljarðar kr. og mögulegrar varúðarfærslu afskrifta af útlánunum.

Bankasýslan mun kanna betur hvort hagkvæmt sé að greiða umfram eigið fé til ríkisins fyrir sölu. Þar þarf m.a. að taka tillit til hugsanlegra áhrifa á söluverð. Það geta verið rök nýrra fjárfesta að eignast hlut í bankanum þar sem eiginfjárstaðan er mjög góð. Ef 25% hlutur er seldur í bankanum þá heldur ríkissjóður eftir sem áður á 75% hlut og fær samsvarandi hlutdeild af arði eftir sölu.

## F J Á R L A G A N E F N D

### *Fjármálastöðugleiki – fjármálaeftirlit.*

Fram kom hjá gestum að á undanförunum árum hefur öll umgjörð fjármálaeftirlits verið eflað mikið eins og rakið er í greinargerðinni. Búið er að efla Seðlabankann og ríkari kröfur gerðar um eigið fé og lausafjárreglur hertar. Starfsfólki fjármálaeftirlits var ekki fækkað við sameininguna og eru starfsmenn nú um 120 talsins sem er tæplega þrefalt fleiri en á árunum fyrir bankahrunið 2008.

Gerð eru árleg álagspróf til þess að kanna stöðu bankanna og eftirlit er áhættumiðað. Þá er nú í gildi regluverk um mat á því hvað telst vera virkur eigandi og byggist það á evrópsku regluverki. Fram kom hjá Seðlabankanum að nú sé öll þekking og regluverk allt annað heldur en var fyrir bankakreppuna 2008.

Umbætur sem búið er að ráðast í snúa bæði að efnahag og rekstri sem og stjórnunarháttum. Auk þess hefur verið gripið til umbóta til að takmarka tjón af vandkvæðum í rekstri banka og byggjast þær á tilskipun Evrópusambandsins.

Fram kom að eiginfjárstaða og lausafjárstaða íslensku bankanna er góð í alþjóðlegum samanburði þrátt fyrir áhrif heimsfaraldursins og betri en spáð var í fyrra þegar faraldurinn stóð sem hæst hérlendis. Þannig má segja að bankarnir hafi staðist það álagspróf sem felst í þeirri djúpu kreppu sem fylgir faraldrinum.

Að gefnu tilefni áréttar meiri hluti fjárlaganefndar að ef ekki fæst ásættanlegt verð fyrir hlut í bankanum verði fallið frá sölunni.

Meiri hlutinn áréttar það sem fram hefur komið um úrbætur á allri umgjörð fjármálakerfisins á síðustu árum.

- Strangari reglur á fjölmörgum sviðum, t.d. um stórar áhættuskuldbindingar, útlán óheimil með veði í eigin hlutabréfum, ný lög um neytendalán, umbætur á regluverki er varðar eignarhald og strangar kröfur um hæfi eigenda.
- Aukinn viðnámsþróttur fjármálafyrirtækja, með auknum kröfum um eigið fé, aukið laust fé, reglur um vogunarhlutfall og öruggari samsetning fjármögnunar.
- Meiri áhersla á þjóðhagsvarúð og eftirlit. Allt eftirlit er nú áhættumiðað, aukið samstarf við eftirlitsaðila erlendis, mun betri yfirsýn yfir áhættu.
- Minni áhætta ríkissjóðs við áfall. Breytt hlutverk innstæðutryggingarsjóðs, auknar heimildir Seðlabanka sem skilavald og skilameðferð.

### **Tillaga meiri hluta fjárlaganefndar.**

Að teknu tilliti til þess sem að framan greinir mælir meiri hlutinn með því að hefja sölufarlið með undirbúningi útboðs á eignarhlutum ríkisins í Íslandsbanka og skráningu hlutanna á markað.

Því er beint til ráðherra að upplýsa fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd reglulega um framvindu og undirbúning útboðs, þ.m.t. verðmat, reglur útboðs, skráningu og mat á markaðsaðstæðum.

### **Athugasemdir 1. minni hluta (Ágúst Ólafur Ágústsson).**

Að einkavæða banka rétt fyrir kosningar er stórmál. Að hefja einkavæðingu banka í 100 ára djúpri kreppu er hins vegar vont mál. Þessi hraði og tímasetningin á einkavæðingunni hefur í för með sér tvennt: Lægra verð og færri kaupendur.

Það segir sína sögu að ekkert annað ríki er að selja banka á þessum tíma þrátt fyrir að fjölmörg dæmi séu um eignarhald ríkisins á hinum ýmsum bönkum. Má þar nefna Bretland, Noreg, Belgíu, Holland, Írland, Grikkland, Spán og Þýskaland.

Markaðsaðstæður eru augljóslega ekki hagfelldar, heimurinn er í djúpri kreppu og þar af leiðandi eru færri kaupendur til staðar en ella. Í ljósi þess að bankar eru ekki eins og hvert

## F J Á R L A G A N E F N D

annað fyrirtæki skiptir eigendahópur þeirra miklu máli. Þá er ljóst að engir erlendis kaupendur eru fyrir hendi um þessar mundir.

Virði hlutarins er einnig óljóst. Allt að 20% af eignasafni bankans er í greiðslustöðvun og fjölmörg ferðaþjónustufyrirtæki sem eru í vandræðum eru í viðskiptum við bankann. Því eru áhöld um að ríkið fái fullt verð fyrir hluti sína á þessum tíma og hvernig viðskiptavinum bankans sem eru í vandræðum reiðir af eftir einkavæðinguna.

Hraðinn á sölunni er einnig mjög gagnrýnisverður og í raun tortryggilegur. Það getur ekki verið skynsamleg hagfræði að selja eign ríkisins af nauð, sé það ástæða sölunnar eins og heyrst hefur. Sé markmiðið að nota söluandvirðið til að greiða niður skuldir ríkisins þá er rétt að benda á að vextir eru lágir og liggur því ekki lífið á að borga niður skuldir ríkisins.

Í umfjöllun nefndarinnar um söluna kom fram að mikil verðmæti liggja í svokölluðu „umfram“ eigin fé bankans sem eigendur geta greitt sér. Um er að ræða allt að 40 milljarða kr. og hafa ekki fengist fullnægjandi útskýringar af hverju ríkið, sem eigandi, nýtir sér ekki þá leið til að afla sér tekna sé það eitt markmiðið með sölunni.

Vert er að rifja það að upp að Íslandsbanki hefur greitt 70 milljarða kr. í arð til ríkissjóðs á 5 árum. Sú upphæð er svipuð og rekstur Landspítalans hefur kostað árlega. Þá hefur Landsbankinn greitt sínum hluthöfum (sem er fyrst og fremst ríkið) 132 milljarða kr. á 5 árum.

Þá er ljóst að það vantar mun dýpri samfélagsumræðu um söluna. Það tókst að keyra allt einkarekið bankakerfi í þrot á 5 árum, síðast þegar það var einkavætt. Það er því ekki einungis áhætta fyrir ríkið að eiga í banka heldur er einnig til staðar áhætta fyrir ríkið af einkareknu bankakerfi.

Þá er ljóst að miklar breytingar eru fram undan í fjármálaumhverfinu og getur verið heppilegt að ríkið hafi eitthvað um það að segja með hagsmuni almennings í huga sem eiganda fjármálafyrirtækjanna. Styrkja þyrfti til muna fjármálaeftirlitið samhliða fyrirhugaðri einkavæðingu og enn er óleyst hvort og hvernig á að aðskilja milli viðskiptabanka og fjárfestingabanka svo dæmi sé tekið.

Að lokum telur Samfylkingin að sala á hlutum ríkisins í Íslandsbanka eigi ekki að fara fram fyrir en framtíðarskipan fjármálakerfisins hefur verið ákveðin og þar sem almannahagsmunir og hagsmunir neytenda eru tryggðir.

## **Athugasemdir 2. minni hluta (Björn Leví Gunnarsson).**

2. minni hluti telur að rannsóknarreglu stjórnisýslulaga og 20. gr. laga um opinber fjármál um stefnumótun stjórnvalda séu ekki uppfylltar með greinargerð ráðherra til fjárlaganefndar eða í öðrum kynningum fyrir nefndinni í kjölfarið.

## **Athugasemdir 3. minni hluta (Birgir Þórarinnsson).**

Íslandsbanki er verðmæt eign í eigu almennings. Hann varð eign ríkissjóðs í uppgjöri um stöðugleikaframlög föllnu bankanna eftir efnahagshrunið 2008. Það var ekki síst fyrir einbeittni og festu fyrrum forsætisráðherra, Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, og ríkisstjórnar hans, sem bankinn varð almenningseign og mikilvægt skref stigið í því að koma þjóðinni út úr hruninu.

Þriðji minni hluti telur að álitamálin varðandi áform ríkisstjórnarinnar um sölu bankans séu einkum tvenns konar. Í fyrsta lagi er álitamál hvort þetta sé rétti tíminn til að selja banka og í öðru lagi hvort aðferðin sé rétt, það er að segja að selja 25% hlut. Hvað tímasetninguna varðar þá eru nú um stundir bankar almennt verðlagðir lágt erlendis, sem þýðir að það er veittur afsláttur af eigin fé og þar með afsláttur af heildarverðmæti bankanna. Ef virði banka erlendis hefur farið lækkandi þá er spurning hvort þetta sé rétti tíminn til að selja. Lagaheimildin fyrir sölunni er háð því að aðstæður sé hagfelldar. 3. minni hluti telur að það

## F J Á R L A G A N E F N D



megi færa rök fyrir því að þau skilyrði séu ekki uppfyllt og því sé í raun ekki lagaheimild fyrir sölunni. Hvað varðar aðferðina að selja 25% hlut þá vantar nánari skýringar. Er almenningi ætlað að kaupa og þá hversu stóran hlut eða munu fjárfestar fá tækifæri til að eignast bankann? 3. minni hluta gæti hugnast að Íslandsbanki væri í framtíðinni í dreifðri eignaraðild landsmanna ásamt eignaraðild erlends banka.

Í gögnum sem lögð hafa verið fyrir fjárlaganefnd vegna málsins er m.a. vísað í íslenska hlutabréfmarkaðinn. 3. minni hluti telur villandi að vísa í hann og þær hækkningar sem þar voru. Tímabilið er villandi og auk þess er íslenski markaðurinn bæði grunnur og „gíraður“ þar sem það er mikið um skuldsett viðskipti sem ýta verðinu upp.

Söluna ber nokkuð brátt að í miðri efnahagslegri óvissu veirufaraldursins og ekki er langt síðan söluáformum var slegið á frest vegna veirufaraldursins. Stjórnarflokkunum, Sjálfstæðisflokki, Framsókn og Vinstrihreyfingunni – grænu framboði, sýnist mikið í mun að selja fyrir kosningar.

Þriðji minni hluti er þeirrar skoðunar að eignarhald ríkisins á tveimur af þremur viðskiptabönkum landsins sé ekki heppilegt. Það getur haft neikvæð áhrif að ríkið eigi svo stóran hlut og því fylgir áhætta fyrir ríkissjóð. Opinbert eignarhald á fjármálafyrirtækjum er talsvert minna annars staðar á Norðurlöndum. Það sem einkennir íslenskan fjármálamarkað er að hann er fákeppnismarkaður og bankarnir eru hver öðrum líkir. Það er hagur almennings að breyta því. Aukin samkeppni á bankamarkaði stuðlar að lægri vöxtum, lægri þjónustugjöldum og nýjungum. Slíkum markmiðum væri best náð með því að erlendur banki hæfi hér starfsemi. Það yrði einnig til þess að efla traust á íslenskum fjármálamarkaði. Til þess að laða að erlendan banka þarf að draga úr aðgangshindrunum sem eru hér á landi. Vinna hefði markvisst að því áður en til sölu kæmi. Auk þess hefur Miðflokkurinn lagt áherslu á mikilvægi þess að endurskipuleggja fjármálakerfið.

Samkeppniseftirlitið bendir í umsögn sinni á að sala Íslandsbanka megi ekki á endum leiða til þess að bankamarkaðurinn endi með veikari samkeppnisgrundvöll en hann er með í dag. Þá bendir eftirlitið einnig á að það ætti að ráða erlenda ráðgjafa til þess að skanna markaðinn í kringum okkur. Ganga ætti úr skugga um hvort ekki séu góðir bankarekstraraðilar, t.d. annars staðar á Norðurlöndum, tilbúnir að kaupa hlut í bankanum. Stjórnvöld hafi ekki svarað því með óbyggjandi hætt hvort það hafi verið fullreynt að fá erlendan banka hingað til lands. 3. minni hluti telur að leita eigi eftir kjölfestufjárfesti, t.d. norrænum banka, með opnum og gegnsæjum hætti. Með sölu á 25% hlut er hætta á að verið sé að loka fyrir möguleikann á að kjölfestufjárfestir komi að bankanum.

Almenningur virðist ekki sérlega áhugasamur um áform ríkisstjórnarinnar um sölu Íslandsbanka hf. Það er skiljanlegt í ljósi þess sem á undan er gengið. Traust á innlendum fjármálamarkaði hefur ekki verið mikið. Regluverk og eftirlit hefur hins vegar verið bætt að nokkru eftir efnahagshrunið. Það eru því minni líkur á að nýir eigendur geti tileinkað sér sömu vinnubrögð og ríktu í aðdraganda hrunsins. Mestar líkur er á því að lífeyrissjóðirnir kaupi stóran hlut í bankanum. Færa má rök fyrir því að það sé ekki æskilegt. Sjóðirnir eru orðnir mjög umsvifamiklir í fjárfestingum í atvinnulífinu og eiga nú þegar umtalsverðan hlut í Arion banka. Samkeppniseftirlitið bendir í umsögn sinni á að mikilvægustu kaupendur bankans ættu ekki að vera samkeppnisaðilar þeirra eins og lífeyrissjóðirnir eru.

Þriðji minni hluti telur að ekki liggi fyrir nægilegar upplýsingar um hvaða áhrif veirufaraldurinn kemur til með að hafa á efnahag bankans. Það vantar upplýsingar um hvað af lánum eru fryst eða frestað, eru í COVID-úrræði eða hvaða lán eru í skilum. Hversu margir lántakar eru að taka út séreignasparnað vegna COVID.

Upplýsingar vantar um það hversu mikið af lánum eru skilgreind þannig að líkur séu á að þau fari í vanskil með hækkandi vaxtastigi, þ.e. hversu mörg ný lán hafa verið veitt þar sem

## F J Á R L A G A N E F N D

einstaklingar hafa nýtt sér hagstætt vaxtastig til endurfjármögnunar. Það bætir efnahag bankans, en gefur blekkjandi mynd af stöðu heimila og endurheimtum lánasafns.

Ekki verður hjá því komist að veirufaraldurs-áhætta verði á höndum seljanda, eigenda bankans, ríkissjóði. Því er það skynsamlegra, ef eigandinn hefur kost á því, að reka bankann áfram í gegnum COVID-skaflinn. Þegar búið verður að laga allar eignir á efnahagsreikningi væri réttara að selja. Liggja þarf fyrir við sölu hvaða útlán eru töpuð og hver ekki.

Í viðbótargögnum sem fjárlaganefnd fékk frá Bankasýslunni er kafli sem ber yfirskriftina „Sala rekstrareininga“. Þar segir Bankasýslan, eftir að hafa fundað með Íslandsbanka, að það séu veigamikil rök fyrir því að Íslandsbanki „selji“ frá sér „vanskilaútlán“ áður en bankinn verði seldur. Í júní sl. voru vanskilalán um 27 milljarðar kr. 30. september sl. nam brúttófjárhæð útlána, þar sem útlánaáhætta hefur raungerst, rúmum 32 milljörðum kr.

Það kemur verulega á óvart og er mikið áhyggjuefni að slík hugmynd skuli hafa verið rædd á fundi Bankasýslunnar, sem er opinber stofnun, og hjá ríkisbankanum Íslandsbanka. Að lántaki, fólk og fyrirtæki, ekki síst í ferðaþjónustu, sem hafa orðið fyrir skakkaföllum vegna veirufaraldursins eigi það á hættu að þurfa að snúa sér að innheimtufyrirtæki út í bæ um endurskipulagningu lána sinna. Sá aðili mun engan hag hafa að því að vinna með eða þjónusta sína viðskiptavini heldur er markmiðið ávallt að hámarka arðsemi sína. Þessi aðferð er þekkt meðal innheimtufyrirtækja og þarf ekki að fara mörg ár aftur í tímann til að sjá hvaða afleiðingar slíkt hefur haft. Nefna má svokallað Drómamál í því sambandi. Drómi var hlutafélag sem innheimti lán sem voru í eigu SPRON og Frjálsa fjárfestingarbankans. Drómi var innheimtufyrirtæki sem var þekkt fyrir hörku í innheimtu og taldi sig ekki þurfa að fara að lögum. Þúsundir manna nutu ekki sömu kjara og þeir sem skulduðu öðrum viðskiptabönkum hér á landi fyrir efnahagshrunið. Tryggja verður við undirbúning sölunnar að þessar varhugaverðu hugmyndir Bankasýslunnar og Íslandsbanka verði aldrei að veruleika.

Þriðji minni hluti telur að bíða eigi með sölu Íslandsbanka þangað til óvissa um efnahag bankans liggur fyrir og endurreisn hagkerfisins er hafin. Þá telur 3. minni hluti nauðsynlegt að leitað verði að erlendum fjárfesti, t.d. norrænum banka. Auk þess má telja að óheppilegt sé að banki í ríkiseigu sé í sölumæðferð rétt fyrir kosningar og enginn muni þarf að leiðandi bera hina pólitísku ábyrgð. Í miðjum veirufaraldri er minni líkur á því að rétt verð fáiast og mögulegum kaupendum fækkar. Hámarksverð verður að fást fyrir þessa verðmætu eign fólksins í landinu. Við núverandi aðstæður, hér heima og erlendis, vegna veirufaraldursins er ólíklegt að svo verði.

#### **Athugasemdir 4. minni hluta (Inga Sæland).**

Hér að framan eru færð rök fyrir því að sala á eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka stuðli að sex nánar tilgreindum markmiðum. 4. minni hluti telur að sala á eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka nú á tímum COVID-faraldurs stuðli ekki að þessum markmiðum, nema þá á kostnað annarra hagsmuna almennings og ríkisins.

##### *1. markmiðið að minnka áhættu ríkisins af svo stórum eignarhlut í fjármálakerfinu.*

Mikil áhætta er sögð fylgja svo mikilli fjárbindingu og með sölu megi lækka vaxtagjöld ríkissjóðs. 4. minni hluti veit ekki betur en að bankinn hafi ekki skilað öðrum eins hagnaði frá efnahagshruninu 2008 og niðurstaðan varð á þriðja ársfjórðungi 2020. Einnig eru vaxtakjör ríkissjóðs það góð að það eru harla litlar líkur á að sala eignarhlutans í Íslandsbanka skili okkur betri arðsemi með niðurgreiðslu skulda, en ábatinn af því að eiga hlutinn áfram.

##### *2. markmiðið að efla virka samkeppni á fjármálamarkaði.*

Það virðist einsýnt að lífeyrissjóðir verða á meðal stærstu kaupenda, gangi útboðið eftir. Samkeppniseftirlitið bendir á í umsögn sinni að skoða þurfi gaumgæfilega samkeppnisleg

## F J Á R L A G A N E F N D

áhrif þess að lífeyrissjóðir eignist veigamikinn eignarhlut í Íslandsbanka, m.a. vegna þess að lífeyrissjóðir eru meðal helstu viðskiptavina bankanna, eiga stóran hlut í Arion banka og eru auk þess í samkeppni við bankana á lánamarkaði.<sup>1</sup> Auk þess eiga lífeyrissjóðirnir um 40% af markaðsvirði skráðra félaga í Kauphöll Íslands. Það er því harla ólíklegt að salan hafi jákvæð áhrif á samkeppni og öllu líklegra að hún stuðli að frekari samþjöppun og fákeppni.

*3. markmiðið að hámarka endurheimtur ríkisins af svo stórum eignarhlut í fjármálakerfinu.*

Alþýðusamband Íslands bendir á að önnur ríki hafi ekki selt eignarhluti í fjármálastofnunum í yfirstandandi heimsfaraldri og segir það gefa tilefni til að staldra við.<sup>2</sup> Það er ekki hægt að tryggja góðar endurheimtur með svo hröðu sölufarli á svo miklum óvissutímum.

*4. markmiðið að stuðla að fjölbreyttu eignarhaldi í bankakerfinu.*

Samt er gert ráð fyrir svo hröðu sölufarli að ekki gefst tími til að kynna söluna fyrir erlendum aðilum. Lífeyrissjóðir verða að öllum líkindum helstu kaupendur og færast því áhættan af almenningi í gegnum ríkissjóð til almennings í gegnum lífeyrissjóðina.

*5. markmiðið að auka fjárfestingarmöguleika fyrir innlenda einstaklinga og fagfjárfesta.*

Innlendir fjárfestar hafa úr miklu að velja og búið er að afnema gjaldeyrishöft og því stendur fólki til boða að kaupa verðbréf um allan heim. Þetta markmið heldur einfaldlega engu vatni.

*6. markmiðið er að minnka skuldsetningu ríkisins eða auka svigrúm til samfélagslegra arðbærra fjárfestinga.*

Arðsemi Íslandsbanka hefur verið mjög góð undanfarin ár, og allt frá efnahagshruninu 2008 aldrei verið meiri en á þriðja ársfjórðungi 2020. Ekkert bendir til þess að breytinga sé þar að vænta. Lögjafinn hefur tryggt afkomu bankanna enn frekar með því m.a. að lækka bankaskattinn, því er Íslandsbanki að öllu leyti bæði verðmæt og ábatasöm eign fyrir ríkið sjálft.

Þær hugmyndir hafa verið viðraðar að selja þurfi fryst vanskilalán Íslandsbanka áður en útboð fari fram. Væntanlegir kaupendur slíkra lána hefðu þá alla hagsmuni af því að hámarka gróða sinn með öllum ráðum, þ.m.t. harkalegum og óvægnum innheimtuaðgerðum. Stór hluti lánanna eru til ferðaþjónustufyrirtækja sem berjast nú í bökkum vegna COVID-19-heimsfaraldursins. Það þarf að veita ferðaþjónustunni svigrúm og tækifæri til endurreisnar. Ef innheimtuaðgerðir gagnvart þessum fyrirtækjum fara fram með offorsi er hættan sú að stór hluti ferðaþjónustufyrirtækja verði gjaldþrota og að atvinnuleysi aukist enn frekar. Slíkt myndi valda þjóðinni ómældum skaða.

Fyrirhuguð sala á eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka á ljóshraða þjónar því ekki hagsmunum almennings. Áform um sölu á eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka er aðeins nýjasta dæmið um þá stefnu ríkisstjórnarinnar að þjóðnýta tapið en einkavæða gróðann.

### **Athugasemdir áheyrnarfulltrúa (Jón Steindór Valdimarsson).**

Viðreisn telur ríkisafskipti af atvinnuvegum eiga að vera í lágmarki. Hið opinbera eigi fyrst og fremst að skapa hagstæðan ramma um atvinnulífið og aðeins koma að samkeppnisrekstri ef ríkir almannahagsmunir krefjast þess. Eignarhald á bönkum í þeim mæli sem hér er felur

<sup>1</sup> Umsögn Samkeppniseftirlitsins vegna áforma um sölu á hlut ríkisins í Íslandsbanka, bls. 3-4.

<sup>2</sup> ASÍ: Er rétt að selja Íslandsbanka? Greinargerð, bls. 5.

ekki í sér ríka almannahagsmuni. Af þessum sökum falla áform um sölu á eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka vel að stefnu Viðreisnar.

Fyrir liggur að fjármálaráðherra, að fenginni tillögu Bankasýslu ríkisins, hyggst hefja sölufjerli á hluta af eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka. Tímasetning þess, leikreglur og umfang er og verður á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra og ríkisstjórnarinnar. Hlutverk fjárlaganefndar í þessu samhengi er að gera athugasemdir við greinargerð ráðherra um sölu og eftir atvikum leggja fram tillögur er varða sölufjerlið í heild sinni.

Ríkið hefur áður selt banka. Reynslan af því og eftirmálar hafa reynst þungir í skauti. Ekki á að loka augum fyrir því að margir eru tortryggir og ekki að ástæðulausu. Tveir flokkar sem nú eru í ríkisstjórn voru það líka þegar einkavæðingin hin fyrri fór fram. Persónur og leikendur skipta máli. Þess vegna þarf salan að gerast í vel afmörkuðum skrefum og af yfirvegun til þess að draga úr tortryggni og auka traust á sölufjerlinu.

Rétt er að benda á að best væri ef traustur erlendur banki, eða fjárfestir með mikla reynslu af bankarekstri, kæmi að kaupum á Íslandsbanka. Það var markmið við einkavæðinguna hina fyrri og hefur líka verið markmið eftir að fjármálastofnanir lentu í höndum ríkisins eftir hrunið. Því miður virðist þetta ekki raunhæfur möguleiki og eru ástæður efalaust nokkrar. Stærst er án efa sú að ekki þykir vænlegt fyrir erlenda aðila að reka banka hér á landi með þeirri áhættu sem fylgir íslensku krónunni.

Æskilegt er að láta reyna á sölu takmarkaðs eignarhluta í Íslandsbanka en um leið verður að vanda mjög til verka. Þess vegna eru settar fram tillögur um framgang málsins, m.a. annars með hliðsjón af ýmsum sjónarmiðum sem kynnt voru nefndinni. Þær eru settar fram til þess að auka gagnsæi, dreifa eignaraðild, auka traust og skapa meiri vissu um framhaldið.

Mælt er með framgangi málsins enda fari fjármála- og efnahagsráðherra að eftirfarandi tillögum:

1. Í frumútboðinu verði að hámarki seldur 25% hlutur í bankanum.
2. Til þess að ná fram sem dreifðastri eignaraðild verði eftirfarandi skilyrði sett við sölu á 25% hlutum:
  - a. Að enginn einn aðili geti eignast meira en 2,5% í bankanum (10% af útboðnum hlutum).
  - b. Að verði umframeftirspurn skuli ekki skerða tilboð sem nema allt að 10 millj. kr.
  - c. Að verði umframeftirspurn skuli skerða þann hluta tilboðs sem er umfram 10 millj. kr. pro rata, jafnt hjá almennum fjárfestum sem fagfjárfestum.
3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum (varnarlína um fjárfestingarbankastarfsemi) hafi verið afgreitt á Alþingi áður en til sölu kemur.
4. Fjármála- og efnahagsráðherra upplýsi Alþingi um framvindu mála fram að útboði með reglubundnum hætti, þ.m.t. um verðmat, útboðsgengi og markaðsaðstæður.
5. Fari svo að markaðsaðstæður breytist til hins verra eða tilboð verði undir væntingum verði hætt við sölu.
6. Eftir sex mánuði frá frumútboðinu verð lagt mat á hvernig til tókst, einkum með tilliti til þróunar á gengi hlutabréfa í bankanum og breytingum á eignarhaldi á þeim 25% sem seld voru.
7. Ekki verði tekin nein ákvörðun um frekari sölu hluta í bankanum fyrr en að loknu mati á frumútboðinu og í framhaldi af því nýrri tillögu frá Bankasýslu ríkisins.

## F J Á R L A G A N E F N D